

## Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 23. maí 2024 í máli nr. 121/2023

Kæruneftndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

### I

#### Aðild og kröfugerð

Þann 10. nóvember 2023 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings í viðskiptum við Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að veita henni þjónustu við uppsetningu ljósleiðara án endurgjalds.

### II

#### Málsmeðferð hjá kæruneftndinni

Með bréfi, dags. 16. nóvember 2023, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar þann 5. janúar 2024. Athugasemdir sóknaraðila við andsvörum varnaraðila bárust 8. janúar 2024.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda sóknaraðila, afrit af skriflegum samskiptum aðila.

Með bréfi, dags. 22. maí 2024, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kæruneftndin hefði tekið málið til úrskurðar.

### III

#### Málsatvik og ágreiningsefni

Í kvörtun sóknaraðila kemur fram að varnaraðili hafi upplýst sóknaraðila um að uppsetning á ljósleiðara væri án endurgjalds en þegar komið hafi verið að uppsetningu hafi sóknaraðili fengið þær upplýsingar að greiða þyrfti 50.000 krónur fyrir. Sóknaraðili gerir kröfu um að varnaraðila verði gert að efna gefið loforð um endurgjaldslausa uppsetningu. Varnaraðili vísar til þess að frágangur á fjarskiptalögnum í íbúð sóknaraðila, sem og öðrum íbúðum sama fjöleignarhúss, hafi verið með þeim hætti að ekki væri mögulegt að setja upp ljósleiðara án þess að bæta úr þeim ágalla sem væri til staðar. Varnaraðili ber því við að hafa verið í góðri trú um að frágangur fjarskiptalagna væri í samræmi við byggingarreglugerð þegar sóknaraðili var upplýstur um endurgjaldslausa uppsetningu. Sóknaraðili vísar til þess að fullyrðingar varnaraðila um ágalla séu ekki studdar rökum. Þá byggir sóknaraðili á að um sé að ræða rangar verðmerkingar.

### IV

#### Niðurstaða

Fyrir liggur að í símtali aðila þann 1. ágúst 2023 upplýsti varnaraðili sóknaraðila um að heimsókn vegna uppsetningar á ljósleiðaraboxi væri frí fyrir viðskiptavinum þegar keypt væri ljósleiðaratenging hjá varnaraðila. Degi síðar kveðst sóknaraðili hafa fengið símtal frá þjónustufulltrúa [...], fyrirtæki sem sér um uppsetningu ljósleiðara fyrir varnaraðila, og hún upplýst um að uppsetning myndi kosta sóknaraðila 50.000

krónur. Sóknaraðili hafði í kjölfarið samband við varnaraðila sem upplýsti hana um ástæður kostnaðarins og benti sóknaraðila á að kanna með aðrar tengingar, ýmist hjá varnaraðila eða öðrum fjarskiptafyrirtækjum. Varnaraðili hefur vísað til þess að vegna ófullnægjandi frágangs verktaka á fjarskiptalögnum í íbúð sóknaraðila krefji [...] eiganda íbúðarinnar um 50.000 krónur fyrir uppsetningu ljósleiðarans.

Fyrir liggur að uppsetning á ljósleiðaranum hefur ekki farið fram en sóknaraðili gerir kröfu um að varnaraðila verði gert að veita umrædda þjónustu án endurgjalds. Á heimasíðu varnaraðila kemur fram að uppsetning á ljósleiðara sé frí þegar ljósleiðaratenging á sér stað í fyrsta sinn. Varnaraðili upplýsti sóknaraðila um það í síma að uppsetning færi fram án endurgjalds.

Meginregla samningaréttar er sú að gerða samninga beri að halda og að munnlegir samningar jafngildi skriflegum. Í 25. gr. laga nr. 70/2022 kemur fram að innanhússfjarskiptalagnir í byggingum, þ.m.t. aðgangspunktur í fjarskiptainntaki, séu á ábyrgð eiganda. Telja verður að seljandi hafi mátt gera ráð fyrir að fjarskiptalagnir í íbúð sóknaraðila væru í lagi þegar henni voru veittar upplýsingar um fría uppsetningu ljósleiðarans. Af þeim sökum verður seljanda ekki gert að efna loforð um fría uppsetningu, enda eru forsendur fyrir henni brostnar. Þá bendir kærunefndin á að engin greiðsla eða þjónusta hafi farið fram og að sóknaraðili hafi verið upplýstur um stöðuna strax degi eftir umrætt símtal við varnaraðila og áður en uppsetningin átti að fara fram. Með vísan til framangreinds er kröfu sóknaraðila í málinu hafnað.

## V Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, X, er hafnað.

---

Hildur Ýr Viðarsdóttir  
formaður

---

Hildur Leifsdóttir

---

Jón Rúnar Pálsson